



Ræða um þjóðfélagsmál, flutt við útvarpsumræður 5. júní 1963

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Þjóðfélagsmál – Verkamannaflokkurinn – Framsókn –
Efnahagsbandalag – Fiskveiðilandhelgi – Alþjóðadómsstóllinn – Gjaldeyrissjóður

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1949-1964
Askja 4-3, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Röð vit útsvarsumur.

5/6/63. - Eddi bjógt.

„Kefrat“ í Mbl. 6/6/63.

Lín ymja hefur verið sagt.

Sagt er, að enginn sé spámaður í sínu föðurlandi og sannast það a.m.k. á háttvirtum stjórnarandstæðingum. Þeir spá og spá, þó að spárnar rekist þvert hver á aðra og veruleikinn afsanni þær jafnharðan.

Aður fyrri spáðu þeir allsherjarörbingi, útrýming eftirvinnu, atvinnuleysi 4-5 þúsund manna og móðuharðindum af mannavöldum.

Nú spá þeir því, að íhaldið sé hvarvetna á fallanda fæti og Verkamannaflokkurinn muni taka við völdum í Bretlandi. Samtímis spá þeir því, að Bretland muni ganga í Efnahagsbandalag Evrópu innan stundar, og þá þó allir, að svo ólíklegt, sem það er því verði í fyrirsjáanlegri framtíð að óbreyttum ríkisstjórnnum í Frakklandi og Bretlandi, þá er það enn ólíklegra, ef Verkamannaflokkurinn vinnur þar kosningar, því að ein megin-fullyrðing hans er sú, að íhaldsstjórnin hafi gengið allt of langt í undanlátssemi við kröfu Frakka.

En Framsókn heldur dauðahaldi í að gera Efnahagsbandalagið að kosningamáli með orðhengilshætti um muninn á aukaaðild og tolla- og viðskiftasamning, mun, sem fer fyrir ofan garð og neðan hjá flestum, enda þarf hann alls ekki að vera fyrir hendi. Allt fer eftir því um hvað verður samið. Af hálfu ríkisstjórnarinnar

hefur frá upphafi verið lýst yfir, að ekki komi til greina að leyfa ótakmarkaðan innflutning erlends eða verkafólks hingað. fjármagns/ Hvað þá, að opnun fiskveiðilandhelgi fyrir útlendinga væri umtalsmál. Á sama stendur hversu margar ráðstefnur verða haldnar, þá mun núverandi ríkisstjórn aldrei fallast á slíkt og ónýta þannig sinn

í dag mi eftir, at ekki tíðni lengur at halda þvi fram, at athlunin sé at framkvæma hinar tímaþundru, ta þannig at vit heimildirin Breta, þá hafa stjórnsundstæðingur heyrnt um fiskveit: ráðstefnur á höndum á vesta hausti: og þá þvi, at þar verit:

stjórn aldrei fallast á slíkt og ónýta þannig sinn

stjórn aldrei fallast á slíkt og ónýta þannig sinn

niðurlausnir verða munda

af til samninga þessi, sem engin horfan eru á í fyrirsjáanlegri framtíð.

í dag mi eftir, at ekki tíðni lengur at halda þvi fram, at athlunin sé at framkvæma hinar tímaþundru, ta þannig at vit heimildirin Breta, þá hafa stjórnsundstæðingur heyrnt um fiskveit: ráðstefnur á höndum á vesta hausti: og þá þvi, at þar verit:

Nú segja stjórnan andstæðingar, at aldrei hefi verið samit um landhelgisráðgjafi þann 1961. Þetta segja sömu mennirnir sem tóku þátt í tveimur alþjóðaráttatofnum til at komna á samningnum um 12 mikra fiskveiðilandhelgi, sem takmarkað heftu mikla sigur í landhelgismálinu.

Með Alyktun Alþingis hinn 5. maí 1959 var einum rómi samþykkt, "að afla beri viðurkenningar á rétti --- til landgrunnsins alls". Þegar sagt er, að ekki hafa mátt um semja um það við Bretana, að Alþjóðadómstóllinn skæri úr ágreiningi um þetta, verður að spyrja:

Sláttvörðin stjórnan andstæðingar mega ekki þykjast vera þann flöskur at láta ekki vita, hvort þeir althv í löng samþykktu ein hessa. Hannat máh er, at spáðinnu sála þeirra aut: st þá ekki til þess, at þeir henda telja sér bettur henda eftir samþykktu gerðina við Bretana 1961 at hlæpa frá samþykktinni 5. maí 1959.

Hvernig er hægt að "afla viðurkenningar" á umdeildum rétti nema með samningum og dómsúrskurði, ef samningar takast ekki?

Engin regla er án undantekninga og áreiðanlega er sú spásögn stjórnarandstæðinga rétt, að mikið manntjón mundi leiða af því, ef hellsprengju væri varpað á landið. Til þess að segja slíkt fyrir þarf engan speking. Hitt er nauðsyn að kanna hvaða ráðstafanir sé hægt að gera til að forða frá tjóni. Um það fjallar skýrsla dr. Agústs Valfells fyrst og fremst. Hann telur og varnir á landinu ekki auka á hættuna heldur draga úr henni. Vitanlega er hér svo mikið í húfi fyrir Íslendinga og aðra, að við hljótum að leggja okkar af mörkum til að draga úr árásarhættunni. Öflugar varnir, frjálshuga manna eru líklegasta ráðið til þess og munum við ekki láta kommúnista og handbendi þeirra hræða okkur frá nauðsynlegu framlagi til að halda uppi friði með hótunum um, að Sovétstjórnin muni varpa hér einni hellsprengju sinni. Þeim hótunum er-um við hvort eð er orðnir vanir, þær hafa dunið á okkur ætíð síðan kommúnistar fengu þau upp í hendur.

Vissulega mundum við Sjálfstæðismenn einskis fremur óska en að kosið yrði um þau mál, sem ég hefi nú ágreið á. Vonandi gera það sem flestir, því að þeim

Vissulega mundum við Sjálfstæðismenn einskis fremur óska en að kosið yrði um þau mál, sem ég hefi nú ágreið á. Vonandi gera það sem flestir, því að þeim

Vissulega mundum við Sjálfstæðismenn einskis fremur óska en að kosið yrði um þau mál, sem ég hefi nú ágreið á. Vonandi gera það sem flestir, því að þeim

Málefna þrot afjömun-
 endstættisga lísin
 ein í þess, ut
 ístrætti þess ut
 aðaldráttis at valla
 um þess mættum
 með þess kjósa þess
 þessum at seta
 um þessis þess, sem
 flestum um þess-
 þessum, en þess,
 sem almennu þess
 get um þess um af
 þessum raun. in þess
 þess þessum

gæðandi meiri hlut: 'Íslendingar er okkur samnála um
 málum sem öðrum fylgjum við þjóðhollri stefnu. En ^{metu} og fleðis,
 nú sem fyrr munu margir kjósa um það, sem þeir þekkja
 sjálfir af eigin raun.

Hver einstaklingur er hæfastur til þess að ^{metu} ~~dæma~~
 sjálfur ~~de~~ afkomu sína og lífsskjör, hvort hagar hans
 fari batnandi eða honum hraki. Fullyrðingar utanaðkomandi
 aðila, mín eða annarra, haggja engu um það, sem hver
 maður þekkir ^{in eigin lífi} af eigin raun. Okkur stjórnámalámonnum
 þýðir ekki að segja fólki hvort heldur, að allt sé
 í blóma og örum vexti eða hér ríki allsherjarsamdráttur
 og móðuharðindi af mannavöldum, ef almenningur hefur
 sjálfur allt annað fyrir augum.

Menn vita ofurvel, að þegar dæma skal um afkomu
 þeirra, þá er það margt, sem henni ræður: ^{þess} ~~hlutfall~~
 milli kaupgjalds og verðlags, vöru-^{úrval}, atvinnu-
 ástand, hvort næg og örugg vinna er fyrir hendi, skattar,
 hækkun þeirra eða lækkun, og þá ekki síður, hveðrar
 fyrirgreiðslu og þjónustu menn njóta af hálfu almanna-
 valdsins, t.d. í tryggingum, heilbrigðismálum, skólum,
 samgöngum og ótal mörgum öðrum efnum, ~~allt skiptir~~
~~þetta miklu um afkomuna~~ Flestir skilja, ^{þess} að með batnandi
 hag gera þeir ósjálfrátt meiri kröfur. Mikill vill meira.
 Nú ^{stóðust} á ~~dögum~~ hafa vaknað ~~upp~~ ýmsar þarfir, sem enginn lét
 sér til hugar koma á meðan þrengra var um. í ~~þjóðarbúinu~~
 Þess vegna kann fleiri kröfum að vera ófullnægt, þegar
 afkoman er góð en á meðan hún var lök.

Allt þetta hafa menn í huga, þegar þeir bera saman
 þá tvenna tíma, sem allir muna enn. Enginn kjósandi er
 svo ungur, að hann geri sér ekki ljósa grein fyrir

ástandinu 1958.

Þá ríkti hér af náttúrunnar hálfu mikið góðæri. Aldrei áður hafði eins mikill afli borist á land. Tekjur einstaklinga og ríkisins voru því miklar. Engu að síður minnst allir þess drunga og kviða, sem yfir grúfði. Öngþveiti og upplausn blasti hvarvetna við. Flótti vinstri stjórnarinnar hinn 4. desember 1958 frá ábyrgð og vanda var síst að ófyrirsynju. Með sanni má segja, að þær aðfarir hafi ekki verið mikilmannlegar, einkum þegar höfð er í huga ^{niðra} ~~ábyrgð~~ vinstri stjórnarinnar á því, að slíkt ástand skyldi skapast. Von var, að ýmsir ætluðust til þess, að einmitt vinstri stjórnin leysti þann vanda, sem myndast hafði ekki síst fyrir hennar tilverknað. En þvílíkar bollaleggingar breyta engu um, að lítt viðráðanlegt vandræðaástand var fyrir hendi, ekki aðeins í stjórnámálum, heldur þjóðmálum yfirleitt. Efnahag og atvinnu allra einstaklinga í landinu var ógnað, svo að hvarvetna réði uggur og kviði.

Berum þetta saman við ástandið nú. Gjafarinn allra góðra gjafa er ekki síður örlátur nú en hann var 1958. ^{þetta} Nú er vissulega ^{verit mikið} ~~meira~~ góðæri en nokkru sinni fyrr. Munurinn er sá, að nú sér þessa hvarvetna stað. Því fer fjarri, að ég ætli né þurfi að segja fólki, hvernig afkoma þess er. Það finnur best hver og einn sjálfur. Hvarvetna er meira en nóg atvinna og uppgrip. Sparifé vex meira en nokkru sinni fyrr, þagur ríkissjóðs er með ágætum, miklir gjaldeyrissjóðir hafa safnast og álit þjóðarinnar út á við hefur verið endurvakið. Í stað ógnþrunginnar óvissu ríkir nú bjartsýni og athafnasemi,

Þjá elmevni og er
 ósamkvæmlega og
 innviðaleysi -
 viki stjórn.

og vildi þarvarinn
 þarvariusson þó
 ekki áttan þakka
 honum ^{stjórnun} fram,
 heldur sagt:
 þat vinstri
 stjórninni at
 þakka at vit
 áttum vit þat
 at hira. ~~þat~~
 Samkvæmt þvi
 er hira hira og
 dautt sigum völdu og
 er á meitan hira þó
 hjart: ~~þat~~ þgammir geta leitt menn ~~þat~~ at þat er ~~þat~~ þat

Sleppum þvi. Hverjum
 sem þat er at þakka þakka
 þat er ~~þat~~ þat

í sannleika "gróandi þjóðlíf með þverrandi tár."

Um þessa gerbreytingu tjáir ekki að þræta. Hana finnur hver einasti maður í landinu. Jafnvel forystumenn stjórnarandstæðinga viðurkenna í öðru orðinu, að allt öðru vísi hafi farið en þeir sögðu fyrir. Þessvegna hampa þeir góðærinu svo sem mest þeir mega og telja breytinguna því að þakka. Auðvitað eru áhrif þess mikil. En munurinn á afkomu og viðhorfi 1958 og 1962-1963 hlýtur að skýrast af öðru en því, sem sameiginlegt er fyrir bæði þessi annars ólíku tímabil, sjálfu góðærinu. Ekki er heldur einhlítt að leita skýringarinnar á því, að nú séu aðrir menn í stjórn en 1958. Að nokkru eru enn sömu menn ráðherrar og ég efast ekki um, að allir ráðherrar 1956-1958 hafi viljað gera sitt bezta jafnt og við, sem nú erum í ríkisstjórn, reynum að leggja okkur alla fram, um að leysa verk okkar vel af hendi. Auðvitað léttir það okkur störfín, að okkur hefur tekist að vinna betur saman en áður hefur heppnast í nokkurri héraðsri ríkisstjórn, sem fleiri en einn flokkur hafa skipað. Gæfumunurinn gerir, að við höfum komið okkur saman um að taka upp nýja stefnu, og fylgjum henni allir af einlægni. Stefnumunurinn skilur á milli feigs og ófeigs, vinstri ófarnaðar og velgengni viðreisnarinnar.

Á þessu kjörtímabili hafa borgararnir, einstaklingar land um/allt, endurheimt að mestu það frelsi, sem ríkisvaldið hafði smám saman og í margvíslegum myndum sölsað undir sig á rúmu þrjátíu ára bili. Endurheimt frelsi hefur forðað frá ofstjórn og orðið aflgjafi til

*Þetta þingmál
þingmálinn gefur
svo langt áttan
að þakka vinstri
stjórninni, að
þingmálinn hafi
allt þetta vit
þat að þakka.*

athafnasemi og framkvæmda í öllum Íslands byggðum. Ekkert er líkleggra til að bægja burtu sameining of mikils valds á einn stað og stuðla að raunhæfu jafnvægi í byggð landsins en það, að leyfa einstaklingunum að ráða málum sínum sjálfir, án óþarfrar íhlutunar ríkisvaldsins en með eðlilegri fyrirgreiðslu þess og frjálslegri samvinnu.

Hinn 9. júní svara kjósendur því, hvort þeir vilji halda áfram á braut frelsis og sjálfstæðis eða hverfa aftur til ofstjórnar, hafta og margvíslegra frelsisskerðinga. Stjórnarandstæðingum vefst raunar tunga um tönn, þegar þeir eiga að svara, hvað við myndi taka, ef þeir hlytu nú sigur. En þar sem þeir segjast vilja stefnubreytingu getur ekki annað fyrir þeim vakað en ^{af} taka að nýju upp ^{þá} stjórnarhætti, sem flestir hafa fengið meira en nóg af. Ástæðurnar til að þeir reyna að draga dul á þetta eru einkum þrjár. Þeir vita, að almenning fýsir ekki til slíks afturhvarfs. Þeir eru innbyrðis mjög ósammála. Loks eru þeir vonlausir um að vinna svo á, að þeir fái stjórnhæfan meirihluta. Yrtrustu vonir þeirra eru að fá stöðvunarvald á athöfnum ríkisstjórnarinnar. Óvissa og glundroði er þess vegna þeirra raunverulega markmið.

Íslenska þjóðin þarfnast nú alls annars fremur en nýrra tíma upplausnar og öngþveitis á Alþingi og í ríkisstjórn. Sundurlyndisfjandinn hefur síst af öllu erindi í sjálft Stjórnarráðið. Raunar eigið þið góðir kjósendur, rétt á að kjósa hann yfir ykkur, ef þið

er alt annat en
euhatötu sit
bunanna sthalnir

viljið, enda bitna afleiðingarnar fyrst og fremst á sjálfum ykkur. ~~Sennilega láta nú eins og fyrr ýmsir leiða sig til að velja verri kostinn.~~

Um úrslit kosninga getur enginn sagt fyrir fram. Sigurvissa er engum til styrktar, hversu góður sem málstaðurinn er. En sjaldan hefur valið verið auðveldara, reynslan hefur svo ótvírætt skorið úr um, hvort hollara sé fyrir þjóðina alla, sundurlyndi og ófrelsi eða samhent stjórn, sem sækir í frelsisátt. Við Sjálfstæðismenn styðjum því okkar góða málstað óyggandi rökum, þegar við einbeittir leggjum í úrslitahríð kosningabaráttunnar og heitum á stuðningsmenn frelsis og sjálfstæðis að gera flokk okkar öflugri en nokkru sinni fyrr. Sjálfir heitum við því aftur á móti að beita afli okkar allri íslenzku þjóðinni til heilla og hamingju.